

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar árið 2017

1. gr.

Hunda- og kattaeigaendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, skulu greiða leyfisgjald skv. staflíð b í 2. grein og staflíð b í 6. grein samþykktar um hunda- og kattahald nr. 107/2008.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð b í 2. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 12.900 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. staflíð b í 6. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 7.400 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 19.100. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 7.200 kr fyrir 1. skipti, kr. 9.300 kr. fyrir 2. skipti og kr. 12.100 fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið verð eins og fyrir skráða hunda 7.200 kr.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. grein samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 13.800.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigenda sínum eftir handsömun fyrr en að lokinni skáningu.

Innheimt verður leyfisgjald til þeirri eigenda óskráðra hunda og katta sem fengið hafa bréf frá gæludýraeftirlitinu vegna óskráðra dýr og hafa ekki svarað því eða skráð dýrin innan uppgefins tíma.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

5. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 08. desember 2016.

Borgarnesi 12. desember 2016.

sveitarstjóri